

Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn á Vita e Bella, mánudaginn 20. desember 2010 kl. 12.00.



Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn á Vita e Bella, mánudaginn 20. desember 2010 kl. 12.00.

Mætt voru: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Áslaug Kristjánsdóttir, Hörður Sigurharðarson, Magnús Gauti Gautason, Ármann Ketilsson og Margrét Ólafsdóttir sem ritaði fundargerðina. Gestur fundarins var Nói Björnsson formaður Íþróttanefndar Akureyrarbæjar.

Formaður setti fundinn og hóf dagskrá.

1. Íþróttamaður Akureyrar

Umræða var tekin upp frá formannafundinum um hvort ætti að tilnefna úr öllum íþróttagreinum í stað einnar tilnefningar frá hverju félagi. Ákveðið var að of seint væri að breyta fyrirkomulaginu núna en að umræðan yrði tekin upp á næsta formannafundi.

2. Erindi

Erindi frá Bílklúbb Akureyrar var rætt og afgreitt.

Í framhaldinu var ákveðið að senda erindi til formanns Íþróttaráðs um að klára samninginn við Þór og koma Taekvondo inn.

3. Afmæli Hermanns Sigtryggssonar

Pröstur kynnti hugmyndir frá fundi nokkurra félaganna um hvernig Hermann Sigtryggsson yrði heiðraður á áttæðis afmælinu 15. janúar nk. Ákveðið hefur verið að halda gönguskíðamót sem yrði nefnt Hermannsmót og að hafa afmælisfagnað í kjölfarið. Verið væri að vinna í fjárhagsáætlun, gera samantekt um æfi Hermanns og safna myndum. Lagt er til að valið á Íþróttamanni Akureyrar verði í vikunni á eftir.

4. Formaður Íþróttaráðs Akureyrar

Nói Björnsson formaður Íþróttaráðs Akureyrar þakkaði boðið á fundinn. Hann sagði frá fyrirhuguðum hagræðingaraðgerðum og ákvörðun um að reyna hækkanir á gjaldskrá frekar en skerðingu á þjónustu. Aðrar aðgerðir væru t.d. frestun á samningi við GA og Þór um uppbyggingu á svæðunum, frestun framkvæmda í Hlíðarfjalli, lækkun styrkja, skerðing á starfsemi skrifstofu framkvæmdastjóra og ýmislegt annað tengt mannvirkjum s.s. fækkun á úthlutuðum tímum. Verið er að skoða möguleika á breytingum á nýtingu mannvirkja, einhverju verður breytt strax og síðan skoðað betur í haust í samstarfi við ÍBA, forsvarsmenn félaganna og húsverði. Mætingarskráningar verða skoðaðar m.t.t. þessa. Rædd voru samskiptamál og hnykk á að erindi aðildafélaga ÍBA til bæjarins eiga að fara í gegn um ÍBA og öfugt.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 13.00